

Dubská og Krejzová gegn Tékklandi

Dómur frá 11. desember 2014

Mál nr. 28859/11 og 28473/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Heimafæðingar. Réttur til heilbrigðisaðstoðar. Hagsmunir barna.

1. Málsatvik

Kærendur eru tékkneskir ríkisborgarar búsettir í Tékklandi, fæddar 1985 og 1980. Þær höfðu báðar ákveðið að fæða börn sín á eigin heimili. Samkvæmt tékkneskum rétti er heilbrigðisstarfsfólki óheimilt að aðstoða við heimafæðingar. Fyrri kærandi eignaðist barnið heima án aðstoðar en síðari kærandi eignaðist barn sitt á sjúkrahúsi. Tékkneski Stjórnlagadómstóllinn vísaði kæru fyrri kæranda frá sökum þess að hún hafði ekki reynt allar kæruleiðir. Þó var tekið fram í úrskurðinum að vafasamt væri að þessi ákvæði tékknesks réttar stæðust 8. gr. sáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að það bryti gegn friðhelgi einkalífs þeirra í skilningi 8. gr. sáttmálans að þær verði að eiga barn sitt á sjúkrahúsi vilji þær njóta aðstoðar heilbrigðisstarfsfólks.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að barnsfæðing sé afar mikilvægur þáttur í einkalífi móður. Ákvarðanir kvenna sem lúta að fæðingu barns falli því innan 8. gr. sáttmálans. Sú staðreynd að kærendur gátu ekki notið aðstoðar ljósmóður við heimafæðingu fól í sér skerðingu á einkalífi þeirra. Sú skerðing átti sér stoð í lögum og var fyrirsjáanleg. Skerðingin stefndi jafnframt að því lögmæta markmiði að vernda heilsu bæði móður og barns.

Dómstóllinn taldi að við mat á nauðsyn skerðingarinnar hefði tékkneska ríkið talsvert svigrúm. Þar kæmu til skoðunar vísindaleg gögn um áhættu af fæðingu á sjúkrahúsi og heimafæðingu og þörf barna á því að njóta sérstakrar verndar frá ríkinu. Enn fremur tók dómstóllinn fram að aðildarríki sáttmálans væru ekki sammála um hvort heimafæðingar væru æskilegar og að tékkneska ríkið réði hvernig það ráðstafaði fjármunum sínum til heilbrigðismála, þar með talið til heimafæðinga.

Þrátt fyrir að valfrelsi kæranda hefði verið skert í þessum kringumstæðum þá var ljóst að tékkneska ríkið hafði það markmið að leiðarljósi að gæta hagsmuna barnsins. Hagsmunir barnsins gætu í tilteknum tilvikum gengið frammar hagsmunum foreldrisins enda fæli 8. gr. ekki í sér rétt foreldra til að taka ákvarðanir sem gætu skaðað barnið. Ákvörðun um heimafæðingu gætu aukið áhættu við fæðingu og þar með ógnað heilsu barns.

Þrátt fyrir að flestar rannsóknir sýni að heimafæðingar séu öruggar og ekki áhættusamari en fæðing á sjúkrahúsi þá er það einungis rétt ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þeirra á meðal eru að ljósmóðir sé á staðnum, að fæðingin sé ekki sérlega áhættusöm og að heimilið sé nálægt sjúkrahúsi ef neyðartilvik kemur upp. Ákvörðun tékkneska ríkisins jók því áhættu sem fylgir heimafæðingum. Hins vegar var það mat tékkneska ríkisins að áhættan væri meiri ef illa færi í miðri fæðingu og sérfræðilegt inngríp lækna þyrfti ef fæðingin væri heima. Sú staðreynd ásamt því að kærendur báru ekki ósanngjarna byrði í samhengi við hagsmunina sem í húfi voru leiddu til þess að tékkneska ríkið var ekki talið hafa farið út fyrir svigrúm sitt til mats á nauðsyn skerðingar á einkalífi kæranda við val á fæðingarstað barna sinna. Dómstóllinn tók þó fram að tékkneska ríkinu bæri að endurskoða þessa löggjöf reglulega og hafa í huga læknisfræðilega, vísindalega og lagalega þróun.